

**Niðurstaða athugunar á Tryggingamiðstöðinni hf.**

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 1. og 3. mgr. 9 gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, athugun á ákveðnum þáttum í starfsemi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. á tímabilinu 17. september 2007 til 30. apríl 2010. Í kjölfar hennar aflaði Fjármálaeftirlitið fyllri gagna í samskiptum við félagið.

Athugun Fjármálaeftirlitsins lauk með skýrslu, sem afhent var félaginu í mars 2011. Í skýrslunni koma fram athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi félagsins og gerðar voru úrbótakröfur vegna þeirra.

Fjármálaeftirlitið hefur óskað eftir því við stjórn félagsins að hún yfirfari úrbætur og geri sérstaka grein fyrir því hvort og hvernig gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana vegna þeirra ábendinga og athugasemda sem gerðar voru. Greinargerð stjórnar skal send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. júní 2011.

Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum.

Fjármálaeftirlitið mun birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að stjórn félagsins hefur sent skýrslu yfir þær úrbætur sem framkvæmdar hafa verið.

Samkvæmt ársreikningi félagsins fyrir árið 2010 er fjárhagsstaða félagsins sterk, eignir Tryggingamiðstöðvarinnar hf. í árslok 2010 voru 29,4 ma.kr. og þar af eigið fé 8,8 ma.kr.